



14. nóvember 2009

Landsvirkjun - Fljótsdalsstöð
Georg Pálsson, stöðvarstjóri
Hvammseyri í Fljótsdalshreppi
701 Egilsstaðir

Eftirlitsskýrsla

Staður eftirlits: Fljótsdalsstöð, þ.e. farið var á allar starfsstöðvar
Dags eftirlits: 29. október 2009
Tilfni eftirlits: Reglubundið eftirlit
Heilbrigðisfulltrúi: Helga Hreinsdóttir
Eftirlit var framkvæmt í fylgd Georgs Pálssonar

Eftirlit fór þannig fram að fyrst var ekið sem leið liggur að sveifflugangnaopinu á Miðfelli, og lokumannvirkjum í Teigsbjargi og við Axará, síðan inn í Kárahnúka, þar sem inntaksmannvirkið við Háslón skoðað, síðan var farið inn í Kárahnjúkastíflu og mannvirki skoðuð þar. Einnig var ekið að lokumannvirkjum við Ufsarstíflu og Kelduárstíflu. Að lokum var farið í Fljótsdalinn og vatnsveita fyrir virkjunina skoðuð, einnig stöðvarhúshellirinn og eldsneytisafgreiðslan, verkstæðishúsið og mötuneytið í hlaðhúsinu

Lagt var upp um kl. 8 að morgni og komið í Egilsstaði aftur um kl. 17:45.

Á öllum starfsstöðvum eru þrif og umgengni til fyrirmyndar. Þar sem til staðar er olía eða glussi eru lekabyttur undir og uppsogsefni við höndina. Öryggisráðstafanir eru viðhafðar þar sem unnið er með gas eða efnavöru sem gæti spillst í umhverfið og flokkun úrgangs og meðferð spilliefna er einnig öðrum til eftirbreytni. Ekki síst vakti athygli hve snyrtilegt er á verkstæðinu í hlaðhúsinu.

Fjallað verður sérstaklega um mötuneytið og neysluvatnsveituna.

Inntaksmannvirki við Háslón
Lokuhellir Axará
Lokuhellir Teigsbjargi
Spennahellir
Stöðvarhúshellir og aðkomugöng
Hlaðhús

Lokumannvirki við Kelduárlón
Lokumannvirki við Ufsarlón

Hér að aftan eru nokkrar myndir sem teknar voru í eftirlitsferðinni.

Sveifflugangnaop á Miðfelli



Lokuhellir í Teigsbjargi – „Spill kit“ til reiðu



Inntaksmannvirki við Háslón – olúgildra og rotþró



Inni í Kárahjúkastíflu



Við Desjarárstíflu



Vatnsveita Fljótsdalsstöðvar



Verkstæði í hlaðhúsi



Mötuneyti í hlaðhúsi.



Þá kom fram hjá Georg að breyta þyrfti starfsleyfi þannig að það taki einnig til mannvirkja austan Snæfells og vísast til fylgiskjala með umsókn um starfsleyfi varðandi ferkari lýsingu þar um.

Rætt var um gjaldtöku vegna eftirlits HAUST og áréttaður sameiginlegur skilningur á því að til að byrja með yrði reikningur sendur í samræmi við tímagjald, sbr. gjaldskrá HAUST nr. 997/2206.

Niðurstaða eftirlits:

Aðkoma að þeim stöðum sem skoðaðir voru var undantekningarlaust með mestu ágætum. Það er mat undirritaðs að starfsemin sé í samræmi við reglur þar um.

Mötuneyti. Skv. upplýsingum frá starfsmanni mötuneytis (Guðrún Benediktsdóttir) er fjöldi matþega mestur 13 manns.

Öll rými mötuneytis eru snyrtileg og vel til haldið. Hitastigsskráning (3 kælar, kæliborð og frystir) er til staðar og samviskusamleg færð inn.

Öll matvara í frysti / kæli er geymd í hillum s.s. engin matvara geymd á gólfi. Prifaáætlun er til staðar í mötuneyti en eitthvað vantaði upp á skráningar.

Vatnsveita. Vatnspörf (neysluvatn og þéttivatn á móti árvatni í túrbínunum) Fljótsdalsstöðvar er mikil (122 tonn / klst.) og því hefur borhola sem sá starfsmannaþorpinu Hvammseyri fyrir vatni (borhola sem tilheyrði Fosskraft) verið tengd inná veitukerfi stöðvarinnar og eru það því 5 borholur sem sjá stöðinni fyrir vatni. Öllu vatni er dælt í neyslugeymi og þaðan í Fljótsdalsstöð. Sýni hafa verið tekin af vatninu og hafa niðurstöður verið í samræmi við reglur þar um. Rannsóknaniðurstöður fyrir vatnið úr „Fosskraftborholu“ fylgja hér með.

Bensínstöð. Bensínstöð er nú fullfrágengin og búið að setja upp merki sbr. krafa HAUST í úttektarskýrslu. Eingöngu er um að ræða gasolíu og er allur búnaður í samræmi við reglur þar um.

Lokuskúti Teigsbjargi. Unnið var við lokafrágang skúta og ganga að honum. Í lokuskúta er lokubúnaður fyrir göng (tveir farvegir) að Fljótsdalsstöð og er lokum stýrt með glussakerfi. Heildarmagn glussa á kerfi er um 1000 lítrar en lekabytta er undir glussageymi. Engin merki um leka voru sjáanleg þegar aðstaðan var skoðuð.

Inntaksmannvirki Kárahnjúkastíflu. Um er að ræða búnað (lokur) sem stjórnar rennsli úr lóninu inní aðrennslisgöngin. Lokukerfið inniheldur u.þ.b. 1500 lítra af glussa en glussageymir er í lekabyttu. Auk þess er varaafstöð í inntaksmannvirkinu og tengist hún 6000 lítra olíutanki sem er niðurgrafinn og í pró. Olíuskilja er tengd við niðurföll í húsi þ.m.t. rými varaafstöðvar. Skoðað var í olíuskilju og reyndist hún tóm. Hvergi sáust ummerki um olíuleka í inntaksmannvirki.

Starfsmannaaðstaða er ekki að fullu frágengin.

Í samræmi við ath. 1 í bréfi með starfsleyfi (dags. 28.03.2007) verður eftirlitsferðin gjaldtekin skv. tímamælingu og tímagjaldi í gjaldskrá HAUST. Eftirlitsferð tók 6 tíma og úrvinnsla/skýrsluskrif 2 tíma. Tímagjald er kr. 6.800.- Reikningur í samræmi við það verður sendur samtals **kr. 54.400.-**

Ef aths. eða fyrirspurnir vakna vegna þessarar skýrslu, sem og ef fyrirtækið hefur ástæðu til að neyta andmælaréttar skv. stjórnarsýslulögum 37/1993 skal það gert skriflega innan 10 daga frá dagsetningu þessa bréfs.

Annað ekki.

Virðingarfyllst,

Helga Hreinsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Skýrsla send í tölvupósti - georg@lv.is

Myndir:



Bensínstöð



Bensínstöð



Lokuskúti



Lokuskúti



Inntaksmannvirki lón



Starfsmannaaðstaða inntaksmannvirki